

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi:

Miðhraun 24, breyting á deiliskipulagi Molduhrauns.

Breytingin felur m.a. í sér að lóðin stækkar til suðurs. Aðkoma að lóðinni breytist frá Miðhrauni og gert er ráð fyrir bráðabirgðaaðkomu frá Álftanesvegi sem verður hægt að loka þegar Álftanesvegur verður byggður í samræmi við aðalskipulag.

Dælustöð í Kaupúni, aðkomuvegur, óveruleg breyting á deiliskipulagi Kaupúns.

Breytingin nær til aðkomuvegar fyrir dæluhús. Í stað þess að vegurinn tengist inn á gangstíg suðvestan við dælustöðina þá er hann látinn fara beint inn á Kaupún norðan við hringtorgið.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 5. febrúar 2019.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 5. febrúar 2019